

40. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 4. september 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar, fulltrúar foreldra og starfsfólks og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Bæjarstjóri setti fund og bauð nefndarfólk og aðra fulltrúa velkomna til starfa. Björn Sverrisson var skipaður formaður og tók hann við fundarstjórn og þakkaði það traust sem honum er sýnt og bauð fundarmenn velkomna. Engin dagskrá lá fyrir fundinum.

Óli Jón lagði fram erindisbréf fyrir fræðslunefnd og bað fundarmenn að skoða það og koma með athugasemdir á næsta fundi ef einhverjar eru. Lagt til að sami háttur verði hafður á með fundartíma þ.e. næsti fundur ákveðinn á fundinum og fundað verði 1. miðvikudag í mánuði.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Nýjir kennarar sem koma til starfa þetta skólaár eru Einar Gunnarsson, Auður Rafnsdóttir, Hreinn Þorkelsson, Ingunn Jakobsdóttir, Sigrún E. Svavarsdóttir og Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, í stundakennslu ásamt Nönnu Einarsdóttur, stuðningsfulltrúa.

Þá greindi Gunnar frá skipulagsbreytingum í skólanum sem tóku gildi nú í haust og hefur breytingum verið tekið mjög jákvætt og hafa þær gengið vel.

Gunnar fór yfir kennsluáætlun skólans í vetur sem tók breytingum samfara skipulagsbreytingum, og lagði fram skóladagatal og skýrði það.

Gunnar þakkaði nemendum og foreldrum 10. bekkjar fyrir frábært starf í nýafstaðinni ferð bekkjarins til Danmerkur, sem tókst vel í alla staði.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Nú eru 3 deildir í leikskólanum í kjölfar breytinga sem gerðar voru í sumar og tók nýja deildin til starfa 2. September sl.

Nokkrar breytingar eru á starfsmannahaldi. Til starfa koma Ólöf Edda Steinarsdóttir, Kristín Tómasdóttir, Margrét Harðardóttir, Anna S. Guðmundsdóttir og Auður Á. Jónsdóttir. Lóa Björk Hallsóttir, Sólveig Ásgeirsdóttir og Karin Rut Bæringsdóttir eru í fæðingarorlofi.

Áfram verður lögð áhersla á tónlist í starfinu sem verður með svipuðu sniði og áður. Nú eru 70 börn á leikskólanum, 47 drengir og 23 stúlkur.

Vetrarstarfið fer vel af stað, allt komið í fastar skorður. Starfsdagur verður 25. október.

Að skýrslum loknum svöruðu skólastjórar framkomnum fyrirspurnum.

Gunnar greindi einnig frá að Steinunn I. Magnúsdóttir er komin til starfa eftir barnsburðarleyfi og að Jóhanna Guðmundsdóttir taki við stjórn barnakóranna í fjarveru Sigrúnar Jónsdóttur.

Næsti fundur ákveðinn 2. október nk.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:00.
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),
Egill V. Benediktsson (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Ingveldur Eyþórsdóttir (sign.),
Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Katrín Pálsdóttir (sign.),
Margrét Thorlacius (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),
Steinunn I. Magnúsdóttir (sign.),
Þ. Lilja Jóhannsdóttir (sign.),
Kristín Ósk Sigurðardóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.).